

Það verða því úrslit þessa máls hjer í rjettinum að taka til greina kröfu stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir hinni umstefndu upphæð í dönskum krónum ásamt vöxtum eins og krafist er, með þeirri breytingu, að vaxtahæðin sje 5% og eftir þeim úrslitum verður auk þess að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 500 íslenskar krónur.

=====  
 Miðvikudaginn 16. maí 1923.

Nr. 7/1923.

**Hans Magnús Torfason**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Páli Stefánssyni**

(B. P. Kalman).

Meiðyrðamál.

Dómur gestarjettar Ísafjarðar 12. jan. 1922: Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Hans Magnús Torfason, greiði sekt í ríkissjóð 60 kr., eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.

Stefndur greiði stefnanda Páli Stefánssyni 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaadför.

### **Dómur hæstarjettar.**

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, sem skotið hefir verið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 10. jan. þ. á., er mál þetta risið útaf því, að áfrýjandi Magnús sýslumaður Torfason, lagði fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 5. okt. 1920, við rannsókn útaf broti á 18. gr. laga 14. nóvbr.

1917 um aðflutningsbann á áfengi, er hann hafði með höndum sem rannsóknardómari, skjal nokkurt með yfirskriftinni: »Skrá yfir nokkra menn, er lög-reglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi«. Á skrá þessari stóð meðal annara nafn stefnda, og þar eð hann taldi þetta meiðandi og móðgandi fyrir sig, höfðaði hann meiðyrðamál þetta.

Þegar þess er gætt, að lækni, sem lætur af hendi áfengi sem læknislyf, verður að sjálfsgöðu að gæta meiri varúðar í útlátum sínum á áfengi til vinnhneigðra manna en annara, þá verður að álíta að það hafi verið eðlilegt að áfrýjandi í umgetinni rjettarrannsókn rannsakaði þetta atriði sjerstaklega, en í þeirri rannsókn var hin umrædda skrá að álitu rannsóknardómarans einn liður. Þar sem álit lög-reglustjórans um að taka nafn stefnda á nefnda skrá styðst við framburð tveggja vitna, er leidd hafa verið í málinu, verður það eigi talið ástæðulaust, að áfrýjandi tók nafn stefnda á skrána, og verður þá ekki álitid að hann hafi með þessu farið út fyrir þau takmörk, sem honum voru sett sem rannsóknardómara í umgetinni rannsókn, og er þá eigi heimild til þess, að dæma hann til hegningar eða taka ómerk-ingarkröfu stefnda til greina.

Það ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda. Eftir atvik-um þykir rjett að málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Hans Magnús Torfason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Páls Stefánssonar, í þessu

máli. Málskostnaður fyrir undirryjetti fellur niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 150 kr. að viðlagri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru á þá leið, að 5. október 1920 lagði stefndur, Hans Magnús Torfason sýslumaður í Árnessýslu, sem þá var bæjarfógeti á Ísafirði, fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar, við rannsókn í máli um brot á lögum um aðflutningsbann á áfengi 14. nóv.br. 1917, skjal, undirritað af honum sjálfum sem bæjarfógeta, er hann sýndi vitaunum, er hann yfirheyrdi, og var yfirskrift skjals þessa: „Skrá yfir nokkra menn, er lög-reglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi“. En á skrá þessari er stefnandi, Páll Stefánsson, talinn nr. 4.

Tjáist stefnandi hafa sjeð nafn sitt á skránni og telur hann aðdróttanir þær og orðin sjálf, er hin ofangreinda tilvitnada fyrirsögn hefir inni að halda ærumeidandi fyrir sig.

Með stefnu útgefni 9. ágúst f. á. hefir stefnandi því höfðað mál þetta fyrir gestarjetti Ísafjarðar samkvæmt N. L. 1—2—16 gegn stefndum fyrir ærumeidandi orð og aðdróttanir, og krefst þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sekt fyrir ofangreind orð og aðdróttanir, að orðin verði, að því er stefnanda snertir, dæmd dauð og ómerk og að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi, eða til vara eftir mati dómarans.

Stefndur krefst þess hinsvegar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar á meðal ómerkingarkröfu, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Eins og fyr segir telur stefnandi hin átöldu ummæli freklega meidandi fyrir sig með því að í þeim felist aðdróttun um óráðvæðni eða aðdróttun um það, að sem sjúklingi sje honum eigi trúandi fyrir áfengislyfjum sjálfs hans vegna, eða þess vegna, að hann noti áfengið í bága við bannlögin jafnvel öðrum til skaðræðis, og ennfremur að ummælin sjeu fram komin í því skyni að hnekkja virðingu hans og trausti.

Aftur á móti heldur stefndur því fram, að það sje fjarri sanni að í ummælunum felist nokkur aðdróttun um óráðvendni. Skráin, sem ummælin standi í, sje einn þáttur í rannsókn, og miði að því, að fá nánari vitneskju um áfengi, sem fengið hefir verið úr einni af lyfjabúðum landsins, að rannsókn þessi hafi eigi verið hafin til að grenslast eftir áfengisskömtum til sjúklinga heldur til ósjúkra manna, að ekkert hafi verið fjær stefndum en að dróttu því að stefnanda að hann hafi drukkið lyfseðlaáfengið í bága við bannlögin, og yfirleitt sje ekkert jafn langt frá sannleikanum og það, að hin umstefndu ummæli sjeu framkomin í því skyni að hnekkja heiðri og trausti stefnanda. En auk þess sem ummælin sjeu ósaknæm í sjálfu sjer, verði þau fyllilega rjettlætt, fyrst og fremst með útdrætti úr áfengisskamtaskrá og í öðru lagi með framburði tveggja vitna, er hafi borið það fyrir lögreglurjetti, að þeir telji stefnanda „alkunnan óreglumann“. Loks heldur stefndur því fram, að nefnd skrá sje til orðin og fram komin eftir dómi stefnds og bestu samvisku, sem sjálfsgæður og nauðsynlegur liður í starfi hans sem embættismanns, við rannsókn í bannlagamáli, er honum hafði verið skipað að framkvæma af stjórnarráði Íslands.

Að því nú hin átöldu ummæli snertir verður því eigi neitað, að þau útaf fyrir sig eru freklega móðgandi fyrir stefnanda, með því að í þeim felst aðdróttun um, að stefnamdi hafi eigi sama trúverðugleik og aðrir. En spurningin er um það hvort ummælin sjeu rjettlætt með því, er stefndur færir sjer til afsökunar.

Eins og áður segir, heldur stefndur því fram, að skráin, sem ummælin standa í sje þáttur í rannsókn, er miði að því að fá nánari vitneskju um áfengi, er fengið hefir verið í einni af lyfjabúðum landsins. En skráin gefur engar upplýsingar um það. Heldur eigi er neitt fram komið í málinu er sýni, að skráin sje þáttur í eftirgrenslan eftir áfengisskömtum til ósjúkra, en eigi til sjúklinga. Þá hefir stefndur, lagt fram útdrátt úr skrá yfir áfengi látið úti til notkunar nokkurra manna eftir lyfseðli frá löggiltum lækni. En lög nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi heimila að lyfsalar selji mönnum áfengi eftir lyfseðli frá löggiltum lækni og þar sem ekkert er fram komið í máli þessu til upplýsingar því, að hjer sje um annað en löglega sölu að ræða, virðist útdráttur þessi þýðingarlaus fyrir málið. Að því nú snertir það atriði, að 2 vitni hafi borið það fyrir lögreglurjetti, að þau teldu stefnanda alkunnan óreglumann, þá hafa 2 vitni að

sönnu borið það fyrir lögreglurjetti Ísafjarðar, að þau teldu engan af þeim mönnum sem á umræddri skrá standa reglumann, þar á meðal stefnanda, og annað vitnanna borið það, að það teldi hann alkunnan óreglumann, en hvorugt vitnanna hefir staðfest framburð sinn með eiði, og hefir honum þó verið mótmælt sem röngum. Framburður þessi virðist því þýðingarlaus fyrir þetta mál.

Samkvæmt framanskráðu hefir stefndur því eigi rjettlætt hin átöldu ummæli eða sýnt að þau sju fram komin sem sjálf-sagður og nauðsynlegur liður í starfi stefnda sem embættismanns við skipaða rannsókn. Það ber því eftir kröfu stefnanda að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk sbr. 220. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, svo ber og að dæma stefndan í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. fyrnefndra laga og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 kr. og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Eftir þessum úrslitum virðist rjett að stefndur greiði stefnanda málskostnað fyrir undirrjetti, er ákveðst 40 kr.

Hvortveggi málsaðila hafa krafist ómerkingar og sekta fyrir nokkur ummæli í sóknar- og varnarskjölum málsins, en eftir atvikum virðist eigi næg ástæða til að taka kröfu þessa til greina.

---

Föstudaginn 18. maí 1923.

Nr. 11/1923.

**Gunnar E. Benediktsson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Eyvindi Þórarinssyni og Karli  
bæjarfógeta Einarssyni.** (Enginn).

Frávisunardómur í vixilmáli ómerktur.

Dómur gestarjettar Vestmannaeyjákaupstaðar 24. ágúst 1922: Máli þessu vísað frá dómi.

Stefnandi Gunnar E. Benediktsson greiði stefnda Eyvindi Þórarinssyni málskostnað krónur 60,00.

Að því er snertir málskostnað ber dóminum að fullnægja innan þja sólarbringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.